

Lög

Nr. 52
28. jún.

um

viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Låenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru.

Í stað orðanna í 2. gr. »Til Snæfjalla... að Höfn á Hornströndum« komi:
Loftskeytasamband milli Ísafjarðar, Hesteyrar og Hafnar við Hornvík;
frá Hesteyri landsímalínan að Látrum í Aðalvík; enn fremur land- og sæsími frá
Ísafirði um Ögur til Snæfjallastrandar og þaðan að Ármúla og Grunnavík.

Aftan við greinina bætist.

Einnig lína frá Blönduósi að Bólstaðarhlíð, með stöð í Langadal og
Svínadal; frá Sauðárkróki að Viðimýri og Silfrastöðum, með stöð á Stóru-Ökrum
og í Lýtingsstaðahreppi. Lína úr Glæsibæjarhreppi í Eyjafirði í Skriðuhrepp;
lína frá Akureyri inn Eyjafjörð, með stöð í Öngulsstaðahreppi. Lína að Brekku í
Fljótsdal; lína frá Svignaskarði að Stafholtsey. Lína til Skógarness og lína frá
Patrekshreppi til Saurbæjar og Breiðuvíkur í Rauðasandshreppi. Lína frá Miðey
til Hallgeirseyjar í Austur-Landeyjahreppi og frá Eyrarbakka til Þorlákshafnar
út í Selvog.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.